

Ed.

709. Nefndarálit

[168. mál]

um frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur ekki fengið ráðrúm til að athuga þetta frumvarp nema á einum skyndifundi, sem er of lítil tími. Ljóst er þó af gögnum, sem fyrir liggja, að sveitarfélag það, Gerðahreppur, sem skerða á mjög, ef frumv. nær fram að ganga, er málinu algerlega andvígt. Sýslunefnd treystir sér ekki til að mæla með frumvarpinu og Samband íslenskra sveitarfélaga ekki heldur. Hins vegar virðist mikið kapp lagt á, að Keflavíkurkaupstaður nái að seilast til landvinninga á umráðasvæði nábúa síns og rýra um leið byggð Gerðahrepps verulega. Þarna virðist vera um mjög harkalegar ráðstafanir að ræða, og verða að liggja til þess mjög veigamiklar ástæður, til þess að þær geti talizt réttlætanlegar. Sé svo, þá hafa þær ástæður ekki enn verið kynntar nægilega fyrir heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar. Oddviti Gerðahrepps hefur óskað þess, að afgreiðslu málsins verði ekki hraðað meira en svo, að tími vinnist til að reyna til þrautar samninga um málið, svo sem 4. og 7. gr. sveitarstjórnarlaga frá 1961 gera ráð fyrir. Og þar sem ekki verður séð, að neitt sérstakt knýi á um það að afgreiða þetta mál með slíkum hraða sem gert er nú ráð fyrir, leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frumv. verði afgr. með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem mál þetta hefur enn ekki fengið nægilegan undirbúning, telur deildin ótímabært að samþykkja frumv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. maí 1966.

Bjartmar Guðmundsson, Alfreð Gíslason.
frsm.